

# Skólaráðsfundur

29.04.2021

Mættir: Ólafía, Signý, Guðlaug, Magnea, Árni, Iðunn, Selma.

Aðilar kynna sig.

Dagskrá: skoðum dagatal næsta ár, hvernig gengur að skipuleggja næsta vetur og talað verður um nemendafjölda. Ætlum að ræða það hvort við viljum hafa einn fund í lok maí eða byrjun júní.

**Dagatalið:** ákveðið hefur verið að fyrsti skóladagur er á eftir skólasetningu þannig að skólasetningardagurinn er fullur dagur. Guðlaug fór yfir hvern mánuð á dagatalinu og útskýrði alla uppbrotsdaga og fleira sem hefur verið sett á dagatalið. Nemendaviðtalsdagar eru skertir dagar eða ½ dagur.

Ingunnarskóli verður 20 ára næsta vetur 😊 afmælishátíð er fyrirhuguð í nóvember.

Ræddum það að borgin geri kröfur á það að allir skólar í hverfinu séu með þrjá sameiginlega starfsdaga en við tókum einn dag af þessum þremur í maí þar sem við lögðum áherslu á að sameiginlegan dag með Maríuborg – leikskólanum sem er næstu okkur.

Skólaslitin verða 3. júní, þetta getum við gert þar sem við erum með nokkra tvöfalda daga – með þessu geta starfsmenn skólans farið í löngu fyrirfram ákveðnu námsferð.

- Aðilar tóku umræðu um dagatalið og er almenn ánægja með þetta skipulag og samþykkt.
  - Ábending frá Árna, frístund hefur lent í vandræðum þar sem þeir fá fáa heilsdagsgæslu og því getur það reynst erfitt að skipuleggja frístund þarna á milli 3. – 8. júní.

**Undirbúningur fyrir næsta vetur:** skipulagið gengur vel, vantar ekki starfsfólk en munum auglýsa eftir einum skólaliða þar sem einn starfsmaður okkar er að breyta til innan húss.

Allir starfsmenn búnir að fara í starfsmannaviðtöl og er búið að vera að setja upp sviðsmynd fyrir næsta vetur.

**Uppbygging Grafarholtsins:** nú er hverfið okkar að „eldast“ og hefur fækkað í skólanum og mun vera. Það er enn stöðugleiki Sæmundarskólamegin en fækkunin mun gerast aðeins síðar þeim megin í hverfinu. Fjölgun er aftur á móti í Dalskóla þar sem yngra fólk flyst þangað.

- Fórum yfir tölur nemendaspá og ræddum hvernig gert er ráð fyrir að næstu ár verða í skólum hverfisins. Guðlaug hefur óskað eftir fundi hjá sviðinu til að ræða þetta málefni. Guðlaug hefur fundað áður með skóla- og frístundasviði til að ræða þetta, hugmyndir voru reifaðar um möguleikann á því að nýjar götur í dalnum „myndu fara“ til Ingunnarskóla.
  - Aðilar skólaráðs ræddu þetta og veltu ýmsu fyrir sér, meðal annars hvort foreldrar væru til í að taka því að börnin sín ættu að fara yfir allt hverfið til að fara í skólann – verður örugglega erfitt að vinna þetta. Er hagkvæmara

að breyta mörkum Sæmundarskóla og Ingunnarskóla, þ.e.a.s. landfræðilega séð. Ein umræða kom upp um að einn skóli hverfisins yrði unglingaskóli. Unga fólkinu líst ágætlega á það að það yrði einn unglingaskóli í hverfinu sem myndi leiða til þess að krakkarnir í ÖLLU hverfinu myndu kynna nánar. Þeim finnst Sæmó kjörinn staður fyrir unglingaskólanum. Góður punktur varðandi það að flestir æfa með FRAM og tilhlökkun jafnvel að sameinast í skóla í unglingadeild.

Umræðan var jákvæð og virtist öllum líftast vel á unglingaskóla, 8. – 10. bekk í Sæmó.

### **Önnur umræða:**

- almenn ánægja hjá unglingum þó þau vissulega séu leið yfir að hafa misst af árshátíðinni. Ákveðið hefur verið að við ÆTLUM að halda árshátíð ef við fáum grænt ljós frá almannavörnum núna fljótlega – vonandi í maí.
- ákveðið er að hafa einn fund að auki í maí/júní – hugmynd: föstudagurinn 28. maí kl. 8:15 – 9:00. Við sjáum til hvort fundirinn verður á Teams eða við fundum í skólanum.
- að lokum, starfsdagur er 10. maí hjá skólanum – borgin er með mjög metnaðarfulla dagskrá sem verður opin og ætlum við að deila því á síðunni okkar. Ingunnarskóli er til að mynda með kynningu á þessum viðburði.